

Umhverfisstofnun
Áb. _____
18. júlí 2017
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

18. júlí 2017  
UST201705-192/P.B.S.  
10.05.00

### **Þorsk- og silungselði Hábrúnar ehf., allt að 1000 tonn á ári, í Skutulsfirði, Ísafjarðardjúpi**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 17. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun sendi Skipulagsstofnun bréf þann 13. júní sl. og óskaði eftir frekari upplýsingum varðandi fyrirhugaða framleiðsluaukningu í þorsk og silungselði Hábrúnar ehf. í Skutulsfirði.

Þann 14. júlí sl. barst frá Skipulagsstofnun svar rekstraraðila.

#### **Framkvæmdalýsing**

Fyrirhugað er umtalsverð stækkun á þorsk og silungselði Hábrúnar í sjókvíum í Skutulsfirði, Ísafjarðardjúpi úr núverandi 400 tonna ársframleiðslu í 1000 tonna ársframleiðslu.

#### **Umhverfisáhrif**

Umhverfisstofnun benti á að ekki væri nægilega gert grein fyrir áætlunum um vöktun og rannsóknir í kynningarskýrslu. Í svari Hábrúnar kemur fram að svæðið verði vaktað með staðlinum ISO 12878. Þá segir einnig að áður en fiskeldi hefst á hverju eldissvæði verða tekin botnsýni fyrir vöktun á áhrifum fiskeldis á botndýralíf. Þegar hámark lífmassa er náð verða síðan tekin botnsýni á áhrifasvæði, fyrir utan áhrifasvæðið og á viðmiðunarstöð u.þ.b. 1000 metra frá kvíum. Eins kemur fram að tekin verða 3 greiparsýni á hverjum stað.

Umhverfisstofnun óskaði eftir spá um hugsanlega dreifingu næringarefna. Í svari Hábrúnar kemur fram að miðað við nýjustu straummælingar er dreifistraumur norðaustur-suðvestur fjörðinn og meginstraumur út fjörðinn. Næringarefni dreifast mest í þessar áttir eftir föllum en vatnsmassinn er einnig á hreyfingu út fjörðinn. Næringarefni í vatnsfasa dreifast með straumum, en jafnframt til hliðanna og þá verður þynning og styrkur næringarefna minnkar.

Umhverfisstofnun benti á að ekki kom fram hvaða áhrif aukið fiskeldi og þar með aukin uppsöfnun næringarefna á sjávarbotni myndi hafa á annað dýralíf á svæðinu og hvaða keðjuverkun breyting á botndýralífi gæti haft í för með sér á vistkerfi svæðisins. Í svari Hábrúnar kemur fram að samkvæmt rannsóknum í Berufirði eru áhrif fiskeldis á vistkerfi botnsins staðbundin og eftir að fiskeldi er hætt þá byggjast upp fjölbreytt botndýrasamfélög. Hábrún telur þar af leiðandi að heildaráhrif á vistkerfi svæðisins utan kvíasvæðisins verði óveruleg.

Umhverfisstofnun óskaði eftir að fjallað væri um heildarmagn fiskeldis í firðinum í dag, miðað við það burðarþol sem Hafrannsóknarstofnun hefur gefið út. Í svari Hábrúnar kemur fram að Hábrún er með

eina fiskeldið í Skutulsfirði, en burðarþol Hafrannsóknarstofnunar er 30.000 t fyrir Ísafjarðardjúpið í heild með öllum innfjörðum meðtöldum, nema Jökulfjörðum. Í svarinu kemur einnig fram að á svæðinu þar sem Hábrún rekur fiskeldi sé burðarþolið 14.000 t að mati Hafrannsóknastofnunar.


Umhverfisstofnun benti á að það vantaði að meta hljóð og lyktarmengun vegna fyrirhugaðrar stækkunar. Í svari Hábrúnar kemur fram að eina hljóðmengunin sem geti orðið sé frá þjónustubátum á svæðunum og ætti ekki að vera til vandræða. Lyktarmengun gæti átt við lykt af rotnandi fisk í dauðfiskaháfum, í svari kemur fram að farið verði reglulega og allur fiskur fjarlægður og honum fargað á viðurkenndan hátt. Einnig kemur fram að kafað verði reglulega í kvíar og skoðað hvort eitthvað sé að rotna fyrir utan háfinn.

### Niðurstaða

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.


Umhverfisstofnun minnir á niðurstöður Hafrannsóknastofnunar *Áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi*. Þar leggur Hafrannsóknastofnun til að ekki verði leyft laxeldi í Ísafjarðardjúpi vegna mögulegra mikilla neikvæðra áhrifa á laxastofna í Djúpinu.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar svk. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og einnig rekstrarleyfi frá Matvælastofnun.



Þórdís Björt Sigþórsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur